

**53. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. september
2017 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Gunnar Jónsson varaformaður, Kristín Hálfðánsdóttir aðalmaður og Gísli Elís Úlfarsson aðalmaður.

Embættismenn:

Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi og Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Hálf dán Bjarki Hálfðáns son, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Umhverfisstefna 2017 - 2017030051

Lagðar fram breytingar á umhverfisstefnu skv. umræðum á síðasta fundi nefndarinnar.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísar Umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar til samþykktar í bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

2. Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar - 2010120030

Lagt fram minnisblað frá Verkís dags. 06. júlí 2017 um hraðalækkandi aðgerðir.

Lagt fram til kynningar.

3. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi - 2017080081

Lagt fram bréf Jóns Gunnars Ottóssonar, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, dagsett 24. ágúst sl., ásamt fjölríttinu "Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi". Mikilvæg fuglasvæði er að finna í 65 af 74 sveitarfélögum landsins, og þar af nokkur í Ísafjarðarbæ:

Skeggi, Tóarfjall, Barði, Hrafnskálarnúpur, Sauðanes, Göltur og Öskubakur, Borgarey, Æðey, Vébjarnarnúpur, Grænahlíð, Ritur, Kögur, Kjalárnúpur, Hælavíkurbjarg, Hornbjarg, Smiðjuvíkurbjarg, Geirhólmur, Jökulfirðir og Hornstrandafriðland.

Lagt fram til kynningar.

4. Útivistarsvæði í Karlsárlundi - 2017090020

Lagt fram fyrir hönd Rotaryklúbbs Ísafjarðar, tölvupóstur og teikning dagsett 6.9.2017 frá Hildi Dagbjörtu Arnardóttur um útivistarsvæði í Karlsárlundi.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd fagnar framtaki Rotaryklúbbs Ísafjarðar og vísar erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar.

5. Göngustígar í Ísafjarðarbæ - 2016070002

Lögð fram tillaga að göngustígaframkvæmd í Hnífsdal.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd samþykkir fyrirliggjandi breytingar á verkefninu "Göngustígar 2017".

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:55

Gunnar Jónsson

Kristín Hálfhánsdóttir

Gísli Elís Úlfarsson

Ralf Trylla

Brynjar Þór Jónasson